



Piðriksvallavatn

ÁRSSKÝRSLA 2013



ORKUBÚ VESTFJARÐA ehf.
36. STARFSÁR

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag.....	3
Formáli	4
Ávarp stjórnarformanns.....	5
Helstu framkvæmdir 2013	6
Helstu framkvæmdir 2014	7
Íbúaföldi á orkuveitusvæði OV	8

Ársreikningur..... 9-32

Innra eftirlit sölumála og álesturs.....	34
ISO 9001 gæðakerfi	34
Innra öryggisstjórnunarkerfi	35
Gæði raforku og afbendingaröryggi	35
Raforkukerfi Vestfjarða	36
Rekstrartruflanir	37
Lýkiltölur úr dreifikerfi	37
Vatnsaflsvirkjanir.....	38
Kyndistöðvar.....	39
Díselstöðvar.....	40
Orkuöflun	41
Orkudreifing	42

Skammstafanir

kV	= kilóvolt	= 1.000 volt
kW	= kilóvatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kilóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kilóvattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígawattstund	= 1.000 MWh
Gl	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítar

Forsíðumynd: Bolungarvík Sigurjón J. Sigurðsson.
Þiðriksvallavatn: Ljós. Ívar Atli Sigurjónsson.
Aðrar ljósmyndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Gúttó ehf. (H-prent)




Bolungarvíkurlína



Formaður: Viðar Helgason
Varaformaður: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Ritari: Viktoría Rán Ólafsdóttir
Árni Brynjólfsson
Daníel Jakobsson

Varamenn: Jóna Benediktsdóttir
Þórir Örn Guðmundsson
Ragnheiður Hákonardóttir
Birna Benediktsdóttir
Gísli Jón Kristjánsson

Skipurit
Orkubú Vestfjarða ohf.



FORMÁLI

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir: „Unnið verður að jöfnun raforku- og húshitunarkostnaðar“. Nú loksins stefnir í að niðurgreiðslur til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli verði auknar. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi sem nú liggur fyrir á að ná fullri jöfnun milli þéttbýlis og dreifbýlis á næstu þremur árum.

Það er gleðiefni að þessi áfangi sé á leið í höfn en áfram þarf að vinna að frekari jöfnun á húshitunarkostnaði landsmanna. Rafmagnsverð á Vestfjörðum stenst fyllilega samkeppni við það sem best gerist annars staðar á Íslandi en þrátt fyrir það er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærri á Vestfjörðum og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar. Það er mikilvægt, ef tryggja á byggð, að þessi búsetumismunur verði jöfnuð.

Í desember þurfti Landsvirkjun að skerða raforku inn á katla hitaveitna Orkubúsins vegna bilunar í streng í Búrfellsstöð og stóð sú skerðing yfir í tæpan hálfan mánuð. Í lok febrúar á þessu ári boðaði Landsvirkjun á ný skerðingu á raforku inn á katla og nú vegna óvenjulágrar vatnsstöðu í miðlunarlónum sínum. Þessi skerðing er talin geta staðið í tvo mánuði, mars og apríl. Orkubúið verður að kynda hitaveitur sínar með olíu meðan þetta ástand varir og er viðbótarkostnaður Orkubúsins um 4 millj. kr. á hverjum degi meðan skerðingin stendur yfir. Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig þessum aukna kostnaði verður mætt.

Á liðnu ári var Orkubúið gagnrýnt fyrir slæga upplýsingagjöf í bilana og truflanatilvikum. Til úrbóta hefur fyrirtækið tekið í sína þágu netmiðlana „Facebook“ og „Twitter“ ásamt því að endurnýja heimasíðu sína og er það von okkar að upplýsingastreymi frá fyrirtækinu sé nú viðunandi.

Árið 2013 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða níunda árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var með minna móti sökum tíðarfarsins eða rúmar 84 GWh.

Í aftakastormi síðustu daga janúar brotnuðu flutningslínur og urðu verulegar truflanir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Á árinu 2013 var 681 millj. kr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 27,5 millj. kr. Hafist var handa við byggingu nýrra aðveitustöðva, í samvinnu við Landsnet, á Ísafirði og í Bolungarvík.

Unnið var að endurnýjun rofabúnaðar í spennistöðvum í Ísafjarðarbæ. Vegna færslu aðveitustöðvar á Ísafirði var nokkuð um jarðstrengslagnir. Haldið var áfram með þrífösun Barðastrandalínu. Nýtt rofahús sett upp í Sauðlauksdal. Á Bíldudal var unnið að hönnun nýrrar aðveitustöðvar. Miklar endurbætur voru gerðar á dreifikerfinu í Árneshreppi. Jarðstrengur var plægður í stað loftlínu og spennistöðvar endurnýjaðar.

Unnið var að undirbúningi Fossárvirkjunar, byggingu stöðvarhúss og lagningu þrýstivatnspípu var frestað til þessa árs þar sem ekki fengust viðunandi tilboð í verkið. Áfram var unnið að skoðun á ýmsum virkjanakostum á Vestfjörðum. Farið var í jarðhitaleit við Brjánslæk í samvinnu við Klofning.

Unnið var að endurbótum í dreifikerfi hitaveitna á Ísafirði og á Reykhólum og keypt var 1200 kW færarleg vararafstöð. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 1,1% frá fyrra ári og nam alls 249,6 GWh. Eigin orkuvinnsla minnkaði um 4,6% á milli ára og var 101,3 GWh eða 40,6% af heildarorkuöfluninni, og orkukaup af öðrum orkuframleiðendum voru 148,3 GWh eða 59,4% af heildarorkuöfluninni.

Orkudreifing á veitusvæði Orkubús Vestfjarða jókst um 0,1% frá fyrra ári og nam alls 225,4 GWh. Til hitunar fóru um 158 GWh sem eru um 70% af heildarorkudreifingu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Til viðbótar var lagður sérstakur skattur á raforku sem nam 12,6 aurum á hverja kílóvattstund og sérstakur skattur á hitaveitur sem nemur 2% af heildarupphæð reiknings.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. janúar 2013, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 4% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 4%. Þann 1. ágúst 2013 hækkaði verðskrá raforkusölu um 3,4% og verðskrá raforkudreifingar um 2,2%. Þann 1. september 2013 hækkaði verðskrá hitaveitu um 1,2%.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2013 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 278,5 millj. kr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts og er hagnaður ársins um 222,9 millj. kr. Afskriftir námu alls 240 millj. kr. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2013 voru alls 6.505 millj. kr. og heildarskuldir alls 983 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.522 millj. kr. sem er um 84,9% af heildarféjármagni.

Öllu starfsfólki Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk heilt yfir vel á síðastliðnu ári þótt veður hafi sett strik í reikninginn bæði í upphafi og lok ársins. Hagnaður ársins nam 222,9 millj. kr. sem er nokkuð minni en árið áður og skýrist að miklu leyti af því að orkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins minnkaði um tæp 7% milli ára vegna lakari vatnsstöðu og veðurtruflana.

Alls var eigin orkuöflun Orkubús Vestfjarða rúm 40% af heildarorkusölu í samanburði við 43% árið áður.

Þetta sýnir hversu viðkvæm staða Orkubúsins er á meðan ekki eru tækifæri til aukinnar orkuframleiðslu hjá fyrirtækinu. Á sama tíma hefur orkuverð á heildsölu-markaði verið að hækka auk þess sem framboð hefur dregist saman vegna erfiðrar vatnsstöðu um land allt. Þannig var dregið talsvert úr afhendingu á skerðanlegri orku til húshitunar á seinni hluta ársins 2013 sem varð þess valdandi að kostnaður fyrirtækisins við orkuöflun til húshitunar jókst umtalsvert. Skerðingar af þeim toga sem staðið hafa undanfarna mánuði setja verulegt strik í starfsemi félagsins og takmarkanir samninga um skerðanlega orku á möguleikum til annarrar orkunýtingar til kyndistöðva gera Orkubúi Vestfjarða óhægt um vik.

Því er mikilvægt að Orkubú Vestfjarða styrki stöðu sína í orkuöflun í náinni framtíð þar sem tækifæri gefast til, hvort sem er með því að auka við eigin framleiðslugetu með stækkun núverandi virkjana, nýjum virkjunum eða með auknum orkukaupasamningum. Jafnframt er fyrirtækið að skoða kosti nýtingar vindorku sem framtíðarmöguleika. Frekari uppbygging flutningskerfis innan Vestfjarða er mikilvæg því aukið aðgengi að orku nýtist ekki nema flutningur til notenda sé tryggður. Orkubú Vestfjarða á og mun leitast við að halda áfram að eiga gott samband við Landsnet um flutning og Landsvirkjun og aðra framleiðendur raforku til að kappkosta við að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á eins hagkvæman hátt

og kostur er. Jafnframt er þetta forsenda þess að halda áfram að geta boðið samkeppnishæf verð í raforku.

Í framhaldi af gagnrýni á fyrirtækið á síðasta ári var lagt kapp á að bæta tengsl þess við viðskiptavinum á ýmsan hátt. Þannig var m.a. lagt kapp á að endurbæta heimasíðu fyrirtækisins og koma upp samskiptasíðu á Facebook og Twitter til að geta komið skilaboðum til viðskiptavina á þeim vettvangi sem þeim hentar. Það á jafnt við um almennar upplýsingar og um sérstakar upplýsingar t.d. vegna truflana á raforkukerfum.

Framkvæmdir ársins urðu talsvert minni en fyrirhugað var þar sem frestað var framkvæmdum við nýja Fossárvirkjun þar sem tilboð í verkið voru ekki ásættanleg. Verður sú virkjun byggð nú í sumar og tekin í notkun á komandi vetri. En engu að síður voru talsverðar framkvæmdir á þessu ári en fjárfesting nam 681 millj. kr. á móti 413 millj. kr. árið áður.

Orkubú Vestfjarða sem eitt stærsta fyrirtæki svæðisins hefur mikilvægt samfélags hlutverk. Bæði í sinni kjarnastarfsemi, en jafnframt sem einn stærsti vinnuveitandinn. Þessu hlutverki vill fyrirtækið halda áfram að sinna með stuðningi við ýmis félagasamtök og íþróttafélög til að byggja upp og styðja starfsemi þeirra. Þannig skilar fyrirtækið til baka hluta af hagnaði hvers tíma til fjárfestingar í mannlífinu. Með áframhaldandi umbótum í starfsemi félagsins og styrkingu þess styrkir það samfélagið á Vestfjörðum til frekari uppbyggingar.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum Orkubús Vestfjarða þakka ég fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti á liðnu ári.

*Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða.*

HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2013

Rafveitusvið

Hafist var handa við byggingu nýrrar aðveitustöðvar við Skeiði Ísafirði. Aflspennar verða í sameiginlegu húsnæði með Landsneti en 11kV rofarymi verður í húsnæði OV sem einnig hýsir kyndistöð og áður vinnuflokk rafveitu. Framkvæmdir hófust við nýja varaafsstöð Landsnets í Bolungarvík.

Vinnuflokkur rafveitu á svæði 1 flutti frá Skeiði 5 í Njarðarsund Ísafirði. Gerðar voru endurbætur á porti milli orkustöðvar og nýs áhaldahúss.

Unnið var að endurnýjun rofabúnaðar í spennistöðvum í Ísafjarðarbæ. Vegna færslu aðveitustöðvar á Ísafirði var nokkuð um jarðstrengslagnir.

Haldið var áfram með þrífösun Barðastrandalínu. Nýtt rofahús sett upp í Sauðlauksdal.

Á Bíldudal var unnið að hönnun nýrrar aðveitustöðvar.

Miklar endurbætur voru gerðar á dreifikerfinu í Árneshreppi. Jarðstrengur var plægður í stað loftlínu og spennistöðvar endurnýjaðar.



Súðavíkurlína ísing



Aðveitustöð Skeiði

Orkusvið

Undirbúningsframkvæmdir hafnar á lagfæringu á Fossavatnsstíflu og slóði styrktur uppí Fossadal. Samningur gerður um vél- og rafbúnað fyrir nýja 1.200 kW Fossárvirkjun og 1,8 km af DN 500 mm trefjaplastpípu. Niðurlagning pípu og bygging stöðvarhúss var boðin út, en hætt var við framkvæmdir. Ákveðið að færa stöðvarhúsið inná núverandi virkjunarlóð og endurtaka útboðið á nýju ári.

Glámuvirikjun var endurreiknuð. Á þetta bæði við um 67 MW aðalkost og einnig ef virkjuninni yrði skipt upp í 40 MW og 7 MW nefnd Mjólka VI. Einnig hvort hagstætt yrði að láta vatn frá Mjólka VI, ef af yrði, renna að inntaki Mjólka I í stað þess að virkja allt fallið niður til sjávar í Hofsárdal. Hagstæðara var að tengja þessar tvær virkjanir saman og mun endurnýjun Mjólka I árið 2015 taka mið af því. Sömu leiðis var lokið við hagkvæmnisathuganir á að auka miðlun Mjólkárviðkjana og byggja nýja 600 kW virkjun sem nýtir fallið milli vatna, nefnd Mjólka V.

Jarðhitaleit við Brjánslæk í samvinnu við fiskþurrkunarfyrirtækið Klofning. Fjórar hitastigulsholur boraðar og fannst vísbending sem eftir er að staðfesta með frekari borunum. Lokið við DN 100 mm tengilögn milli hitaveitukerfa á Reykhólum og tengibrunn. Stofnlögn í Sölgötu Ísafirði framlengd í brunn við hringtorg og þaðan í brunn við Hlíf.

Færanleg 1.200 kW varaafsvél í gám keypt á árinu og spennir pantaður sem á að fylgja vélinni. Möguleiki á að fæða inná bæði 11 og 19 kV háspennukerfi.



Ísing



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2014

Rafveitusvið

Lokið verður við færslu aðveitustöðvar á Ísafirði. 15 MVA spennar verða færðir úr Stóruð inn að Skeiði. Lokið verður við endurnýjun búnaðar í deilistöð Mánagötu og spennistöð við Ísafjarðarveg í Hnífsdal.

Aðveitustöð í Bolungarvík verður flutt í haust í nýtt húsnæði sem Landsnet hefur byggt og hýsir einnig nýja varaafsstöð. 10 MVA spennir verður endurnýjaður í Bolungarvík.

Unnið verður áfram að styrkingu dreifikerfisins. Spennistöð Holti verður endurnýjuð og nýr jarðstrengur í Arnarfirði tengdur.

Unnið verður áfram að endurnýjun aðveitustöðvar á Bíldudal og spennuhækkun.

Áfram verður unnið að plægingu á Barðastrandalínu. Eftir sumarið verður línan komin í jörðu alla leið að Krossholti ef áætlanir ganga eftir.

Búnaður í spennistöð Stekkum Patreksfirði verður endurnýjaður.

Hluti Rauðasandslínu fer í jarðstreng í Hvallátradal.

Lokið verður við styrkingu dreifikerfisins í Árneshreppi með endurnýjun spennistöðva og plægingar jarðstrengs við Gjögur.

Fyrirhugað var samkvæmt framkvæmdaráætlun að endurnýja Norðurlínu í Reykjavíri. Vegna tjóns á sömu línu á Trékyllisheiði þar sem nauðsynlegt var að leggja jarðstreng ofanjarðar á löngum kafla þarf sennilega að fresta

framkvæmdum í Reykjavíri um eitt ár og plægja þess í stað niður jarðstreng á Trékyllisheiði.

Unnið verður að lagfæringum á dreifikerfinu á Borðeyri.

Í Ísafjarðardjúpi verður spennistöð Reykjanesi endurnýjuð og lokið við tengingar jarðstrengja með millispennistöðvum og nýju rofahúsi í Mjóafirði.

Orkusvið

Bygging 146 m² stöðvarhúss og spennistöðvar fyrir nýjan raf- og vélbúnað fyrir Fossárvirkjun. Grafið fyrir og lagt út 1.700 m af pípu fyrir virkjunina og eru 900 m í nýrri lagna-leið að nýju stöðvarhúsi, en 800 m endurnýjun í núverandi pípuþæði svo hægt verði að endurnýja að fullu stálpípu frá 1936. Lokuhúsið á Fossavatnstíflu endurnýjað og nýr pípubrotsloki settur upp.

Samningur gerður um 3 MW vélasamstæðu af Francis gerð, sem kemur í stað núverandi vélar í Mjólka I frá 1958. Uppsetning er fyrirhuguð 2015. Nýr stöðvarspennir og öryggja rofi settur upp í rofafelt við Vél II.

Ný og afkastameiri djúpvatnsdæla keypt fyrir jarðhitasvæðið á Laugum í Ségundafirði. Samhliða dæluskiptum verður holan LA-02 rannsökuð með holusjá til að geta staðsett heitar vatnsæðar og þá um leið sprungukerfið með frekari boranir í huga. Nýr dælubúnaður settur upp á Reykhólum fyrir jarðhitavatnið þar.

Ný færanleg 230 kW varaafsvél keypt og útbúin tenging inná aðalheimtaug kyndistöðvarinnar á Ísafirði. Öllu jöfnu verður vélin staðsett þar, þótt hægt yrði að fara með hana hvert sem er í neyðartilvikum.




Vinnuflokkur Patreksfirði

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2013	Breyting frá 1.12.2012	Íbúatala 1.12.2012	Breyting frá 1.12.2011
Svæði I:				
Bolungarvík	949	25	924	34
Ísafjarðarbær	3.654	-90	3.744	-14
Súðavíkurbær	204	25	179	-3
Samtals svæði I	4.807	-40	4.847	17
Svæði II:				
Tálknafjarðarhreppur	297	4	293	14
Vesturbyggð	952	17	935	30
Samtals svæði II	1.249	21	1.228	44
Svæði III:				
Árneshreppur	51	-3	54	2
Bæjarhreppur	88	-15	103	3
Kaldrananeshreppur	104	4	100	-5
Reykhólahreppur	274	-5	279	9
Strandabyggð	505	-12	517	2
Samtals svæði III	1.022	-31	1.053	11
Vestfirðir samtals	7.078	-50	7.128	72

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2013





Viðgerð á Breiðadalslínu

ÁRSREIKNINGUR 2013



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.



Línuvinnna

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	11
Áritun óháðra endurskoðenda	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur.	14
Yfirlit um sjóðstreymi	15
Skýringar	16-30
Sundurliðanir	31-32



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2013 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 222,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2013 voru alls 6.505 millj. kr. og heildarskuldir alls 983 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.521,7 millj. kr. sem er um 85 % af heildarféarmagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Í lok febrúar 2014 tilkynnti Landsvirkjun að skerða þyrfti raforku inn á hitaveitukatla Orkubús Vestfjarða ohf. í mars og apríl sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Orkubú Vestfjarða ohf. þarf því að nota olíu til að kynda hitaveituna þennan tíma og er búist við að viðbótarkostnaður fyrirtækisins verði um 220 millj. kr.. Með vísan til framanskráðs mun stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. leggja til á aðalfundi að hagnaður ársins 2013 verði lagður við höfuðstól og nýttur til að mæta framangreindum viðbótarkostnaði, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2013.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2013.

Reykjavík, 31. mars 2014

Í stjórn

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Árni Brynjólfsson

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Daníel Jakobsson

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Orkubússtjóri

Kristján Haraldsson

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2014.

Endurskoðendapjónustan ehf

Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi

Ómar Kristjánsson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		2.117.945.505	1.988.000.902
Aðrar tekjur		101.210.401	82.072.003
 Orkukaup		(977.404.112)	(858.134.433)
Laun og launatengd gjöld	4	(623.301.122)	(546.999.740)
Annar rekstrarkostnaður		(110.673.070)	(95.545.800)
Afskriftir	5	(239.963.057)	(233.085.843)
Rekstrarhagnaður		<u>267.814.545</u>	<u>336.307.089</u>
 Fjármunatekjur		10.907.675	13.184.743
Fjármagnsgjöld		(184.371)	(67.409)
Gengismunur		(19.119)	(161.405)
	6	<u>10.704.185</u>	<u>12.955.929</u>
 Hagnaður fyrir skatta		278.518.730	349.263.018
Tekjuskattur	7	(55.618.580)	(69.761.000)
Hagnaður ársins		<u><u>222.900.150</u></u>	<u><u>279.502.018</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

Eignir	Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	5.481.108.415	5.039.947.912
Fjárfestingaverðbréf	10	355.076.173	355.076.173
		<u>5.836.184.588</u>	<u>5.395.024.085</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	11	233.296.089	202.245.332
Orkureikningar	12	302.164.943	271.197.769
Aðrar skammtímakröfur	12	114.646.101	197.445.623
Handbært fé	12	18.535.198	104.624.783
		<u>668.642.331</u>	<u>775.513.507</u>
Eignir		<u>6.504.826.919</u>	<u>6.170.537.592</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hlutfé		3.049.914.000	3.049.914.000
Lögbundinn varasjóður		1.016.636.785	1.016.636.785
Óráðstafað eigið fé		1.455.116.043	1.292.215.893
Eigið fé		<u>5.521.666.828</u>	<u>5.358.766.678</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	14	547.364.613	524.009.930
Tekjuskattsskuldbinding	15	71.360.916	15.742.336
		<u>618.725.529</u>	<u>539.752.266</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	16	207.137.544	163.975.955
Skuldir við lánastofnanir		40.000.000	0
Aðrar skammtímaskuldir	16	117.297.018	108.042.693
		<u>364.434.562</u>	<u>272.018.648</u>
Skuldir		<u>983.160.091</u>	<u>811.770.914</u>
Eigið fé og skuldir		<u>6.504.826.919</u>	<u>6.170.537.592</u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		267.814.545	336.307.089
Afskriftir		239.963.057	233.085.843
Söluhagnaður fastafjármuna		(439.612)	(1.929.921)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga		23.354.683	4.453.439
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		530.692.673	571.916.450
Vörubirgðir, (hækkun)		(31.050.757)	(9.489.198)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		10.933.554	(79.788.648)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		21.657.988	74.674.651
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		532.233.458	557.313.255
Innborgaðir vextir og arður		10.907.675	13.184.743
Greiddir vextir		(184.371)	(67.409)
Handbært fé frá rekstri		542.956.762	570.430.589
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(681.381.956)	(413.080.487)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		698.008	2.765.717
Lækkun (hækkun) á bundnum bankainnstæðum		40.898.794	(2.194.686)
		(639.785.154)	(412.509.456)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	13	(60.000.000)	(46.000.000)
Lánalína		40.000.000	0
Skammtímaskuldir v/fjárfestinga, (lækkun) hækkun		30.757.926	(39.042.166)
		10.757.926	(85.042.166)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(86.070.466)	72.878.967
Handbært fé í upphafi árs		104.624.783	31.907.221
Gengismunur handbærs fjár		(19.119)	(161.405)
Handbært fé í lok árs		18.535.198	104.624.783
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		541.415.977	585.033.784

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Tengigjöld notenda námu alls 27,5 milljónum króna á árinu 2013. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,24% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.



SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Fasteignir	50 ár
Vatnsaflsvirkjanir	50 ár
Kyndistöðvar	20 ár
Aðalorkuflutningslínur	33 ár
Aðveitulínur	33 ár
Sæstrengir	33 ár
Aðveitustöðvar	33 ár
Innanbæjarkerfi	25 ár
Dreifikerfi hitaveitu	25 ár
Borholur	10 ár
Díselvélar	5-20 ár
Áhöld tæki og annar búnaður	5 ár

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Örkureikningar og aðrar viðskiptakröfur

Örkureikningar og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútspreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Eignir utan efnahags

Þegar félagið var stofnað á árinu 1977 lögðu stofnendur inn lönd og vatnsréttindi sem þeim tilheyrðu inn í félagið. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi félagsins og eru því eignir utan efnahagsreiknings.



SKÝRINGAR

3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir

Starfssvæði Orkubús Vestfjarða ohf. er að mestu Vestfirðir. Fyrirtækið skiptist niður í fjóra starfsþætti en þeir eru dreifing og flutningur, raforkuframleiðsla og sala, hitaveita og seld þjónusta. Innri velta kr. 645.927.703 er ekki felld út í tekjum og gjöldum starfsþátta.

Dreifing er bæði flutningur og dreifing raforku. Þessi þáttur í starfsemi félagsins er ekki í samkeppnisrekstri og ræður Orkustofnun allri gjalddöku.

Framleiðsla er bæði framleiðsla og sala raforku sem nær til alls landsins.

Hitaveita er allur hitaveiturekstur félagsins.

Önnur þjónusta er sala á þjónustu vegna flutningslína, viðgerðir vegna tjóna og annarra tilfallandi verka.

Rekstrarstarfsþættir - svið

Árið 2013	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstartekjur	970.967.714	1.247.276.569	566.462.788	80.376.538	2.865.083.609
Rekstrarkostnaður	665.558.907	1.138.554.406	511.819.322	41.373.373	2.357.306.007
EBITDA	305.408.807	108.722.163	54.643.466	39.003.165	507.777.602
Afskriftir	118.980.015	87.965.686	33.017.356	0	239.963.057
Rekstrarhagnaður	186.428.792	20.756.477	21.626.110	39.003.165	267.814.545
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld					10.704.185
Tekjuskattur					(55.618.580)
Hagnaður ársins					222.900.150
Ávöxtun á eignir	7,7%	0,8%	4,7%		4,1%
Efnahagur					
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.418.764.824	2.595.293.426	462.466.928	4.583.237	5.481.108.415
Eignarhlutar í öðrum fél.	0	0	0	355.076.173	355.076.173
Aðrar óskiptar eignir					668.642.331
Eignir samtals					6.504.826.919
Óskiptar skuldir					983.160.091

SKÝRINGAR

3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

Innri velta kr. 629.550.674 er ekki felld út í tekjum og gjöldum starfsþátta.

Rekstrarstarfsþættir - svið

Árið 2012	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur	908.475.565	1.187.521.882	536.926.471	66.699.661	2.699.623.579
Rekstrarkostnaður	590.001.723	1.058.650.879	445.202.631	36.375.416	2.130.230.649
